

## FJALLSKILASEÐILL FYRIR HVAMMSSVEIT ÁRIÐ 2024.

Fjallskil í Hvammsdeild haustið 2024 skulu fara fram sem hér segir:

Fyrsta leit laugardaginn 14. september  
Önnur leit laugardaginn 28. september  
Hamli veður leit skal leita næsta færan dag.

### **Leitarstjórar skulu vera:**

Skeggjadalur og Þverdalur	Jón Egill Jóhannsson
Laugahlíð, Sælingsdalur og Lambadalur	Jón Egill Jóhannsson
Svínadalur, Seljadalur og Gerðishlíð	Eyjólfur Ingvi Bjarnason
Glerárskógafjall og Ásgarðshraun	Anna Berglind Halldórsdóttir
Útströnd Hvammsveitar	Monika Einarsdóttir

### **Réttarstjóri:**

Jón Egill Jóhannsson

Dagsverk er metið kr. 15000 - Kostnaður á hverja kind er kr. 745.

Réttarhald 1. réttar hefst sunnudaginn 15. september kl. 11.

Réttarhald 2. réttar hefst sunnudaginn 29. september kl. 13.

Leitarstjórar skulu gæta þess að samræmi verði með leitum á samliggjandi leitarsvæðum.

Leitarstjórar, hver á sínu svæði, ásamt leitarmönnum skulu sjá um að allt ókunnugt fé komi til lögrétta.

Öllum jarðeigendum eða umráðamönnum jarða er skylt að smala heimalönd sín fyrir skilarétt og koma ókunnugu fé til réttar áður en réttarhald hefst.

Verði smölunarskyldu þessari ekki sinnt, getur sveitarstjórn látið smala landið á kostnað eiganda sbr. 39. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6 /1986.

Vanti leitarmenn er leitarstjóra heimilt að ráða menn á kostnað hlutaðeiganda.

Leitarmenn mæti vel búnir og klæðist fötum í áberandi lit.

Vanræki menn að leggja fram dagsverk skv. álagningu þessari ber þeim að greiða þau með 50% álagi til fjallskilasjóðs.

Ekki verða sendir réttarmenn í Flekkudalsrétt, en réttarmenn Fellsstrendinga í Skerðingsstaðarétt taka fé úr Hvammsveit, Saurbæ, Laxárdal og Strandasýslu, í Flekkudalsrétt og skili því í Skerðingsstaðarétt.

Þeir sem fara í Brekkurétt taki fé Fellsstrendinga og skili því í Skerðingsstaðarétt, þeir sem fara í Gillastaðarétt taki fé úr Saurbæ, af Fellsströnd og Skarðsströnd og skili því að Magnússkógum III.

Gjalddagi fjallskilagjalda er 1. okt. n.k. og eindagi 31. okt.

### ***Fjallskilanefnd.***

Anna Berglind Halldórsdóttir (formaður)

Jón Egill Jóhannsson

Halldór Gunnarsson